

Öldrunarbæklun í Fossvogi - ný þjónusta fyrir aldraða sem hljóta mjaðmabrot eftir byltu.

Nöfn höfunda:

Anna Björg Jónsdóttir, yfirlæknir öldrunarlækninga

Bergrún Benediktsdóttir, deildarstjóri á Heila- tauga og bæklunarskurðeild B6

Rut Guðnadóttir, hjúkrunarfræðingur á B6

Hjörtur Friðrik Hjartarson, yfirlæknir á bæklun

Kolbrún Kristiansen, sérfræðingur í hjúkrun bæklunarsjúklinga

Baldur Helgi Ingvarsson, sérfræðingur í öldrunarlækningum

Sigríður Bryndís Stefánsdóttir, verkefnastjóri

Vigdís Jóhannsdóttir, gæðastjóri

Tengiliður: Kolbrún Kristiansen, netfang: kolbkr@landspitali.is

Bakgrunnur

Um það bil 300 manns hljóta mjaðmabrot árlega og gera má ráð fyrir auknum stíganda í því með hækkandi aldri þjóðarinnar. Um 75% eru aldraðir, meðalaldur er 83 ár og langflest brotin eru í kjölfar byltu á jafnsléttu. Mjaðmabrot eru algengari hjá konum og oft tengd beinþynningu meðan karlar sem brotna eru hrumari og dánartíðni þeirra er talsvert hærri en kvenna. Á Landspítala hafa sjúklingar með mjaðmabrot verið á ábyrgð bæklunarlækna. Áhersla bæklunar hefur verið á skurðaðgerð og líkamlega endurhæfingu en oft er um fjölveikt fólk að ræða og víða erlendis er þessi hópur á ábyrgð öldrunarlækna og rannsóknir hafa sýnt margvíslegan ábata af því fyrirkomulagi.

Markmið

Stefnt er að því að opna 6-8 rúma mjaðmabrotadeild aldraðra (MBA) og 14 rúma mjaðmaendurhæfingardeild aldraðra (MEA) um miðjan september 2023. Öldrunarlæknar munu bera læknisfræðilega ábyrgð á sjúklingum og bæklunarlæknar vera ráðgefandi í kringum aðgerð. Markmiðið er að setja þennan sjúklingahóp í annan fókus en verið hefur, hraða öllum ferlum og endurhæfingu, hefja uppvinnslu á undirliggjandi sjúkdómum fyrir í legunni, draga þannig úr líkum á að sjúklingur brotni aftur og auka líkur á skjótari bata.

Aðferðir

Bæklun hefur núna um 8 pláss á B6, heila-, tauga og bæklunarskurðeild og verður þeim plássum breytt í MBA. Starfsmenn deildarinnar, hjúkrun og sjúkraþjálfun þekkja þennan sjúklingahóp vel sem er ótvíræður kostur. Á sama tíma verða 14 pláss á L1 notuð fyrir MEA. Með markvissri uppvinnslu fyrir og eftir aðgerð er stefnt er að því að sjúklingar flytjist í endurhæfingu á Landakot eftir 7 daga meðferð á B6 og klári endurhæfingu á L1 innan 21 dags. Brotaendurhæfing á Eir mun áfram standa þessum hóp til boða.

Til að verkefnið gangi vel þarf þetta samvinnu allra sem koma að málum, bæklun, öldrun, hjúkrun, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, bráðamóttaka, svæfing og skurðstofur. Fulltrúar frá þessum einingum verða boðaðir á vinnustofu til að safna hugmyndum og skapa sameiginlega sýn. Endurskoða þarf alla verkferla og besta.

Ályktanir

Væntingar eru um að markviss meðferð, byltuuppvinnsla, áhersla á beinvernd og fyrirbygging nýrrar byltu ásamt aukinni eftirfylgd eftir útskrift muni bæta útkomu þessa sjúklingahóps, stytta legu og minnka líkur á öðru broti.